

# ÆVINTÝRIÐ UM ELDFUGLINN

Rumon Gamba, hljómsveitarstjóri  
Halldóra Geirharðsdóttir, sögumaður



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

2009/10



aðalstyrktaraðilar

---

BORGUN

Morgunblaðið



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

Tónleikar í Háskólabíói 10. október 2009 kl. 14

**Rumon Gamba**, hljómsveitarstjóri  
**Halldóra Geirharðsdóttir**, sögumaður

**ÆVINTÝRIÐ UM ELDFUGLINN**

**Ígor Stravinskij**

**Eldfuglinn, svíta (1910/1945)**

Forleikur  
Dans Eldfuglsins  
Eldfuglinn og Prinsinn  
Prinsessudansinn  
Hringdans  
Vítisdansinn  
Vögguvísa Eldfuglsins  
Lokasálmur

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum á  
meðan tónleikum stendur.



Rumon Gamba er breskur hljóm-sveitarstjóri sem hefur verið aðalstjórnandi Sinfóníunnar á Íslandi í sjö ár. Hann lærði í London og vann til margra verðlauna enda er hann einstaklega hæfileikaríkur og líflegur stjórnandi. Hann hefur stjórnað hljómsveitum um allan heim, til dæmis í New York, Japan og Ástralíu, enda eru hljómsveitarstjórar stöðugt á ferð og flugi! Á milli þess sem hann ferðast um heiminn reynir hann líka að eiga tíma fyrir fjölskylduna sína í Lundúnum, en Rumon á eiginkonu og tvær ungar dætur – eins og þriggja ára gamlar.

Rumon stjórnar um tíu tónleikum á Íslandi á hverju ári, og síðast stóð hann á sviðinu í Háskólabíói fyrir hálfum mánuði og stjórnaði stórri símfóníu með Ungsveit Sinfóníunnar, sem er hljómsveit skipuð ungum tónlistarnemum á aldrinum 12-25 ára. Þar voru fagnaðarlætin engu lík, og Rumon ætlar að koma aftur á næsta ári til að stjórna næstu tónleikum Ungsveitarinnar. Annars er hann að flytja til Svíþjóðar þar sem hann hefur tekið við nýju starfi við Norrlands-óperuna.

Ígor Stravinskíj (1882-1971) var eitt merkasta og frægasta tónskáld 20. aldarinnar. *Eldfuglinn* var fyrsta stóra verkið sem hann samdi, þegar hann var 27 ára gamall. Upphaflega var verkið ballett og þegar *Eldfuglinn* var frumsýndur í París varð Stravinskíj heimsfrægur á einni nóttu. Síðan samdi hann marga balletta sem líka urðu frægir, meðal annars *Vorblót* sem þótti svo nútímalegur að uppþot urðu þegar hann var fluttur í fyrsta sinn.

Tónlist Stravinskíjs er oft einstaklega kraftmikil og ómstríð. Hún vakti miklar deilur á sínum tíma; margir voru á þeirri skoðun að tónlistin ætti fyrst og fremst að vera blíð og falleg, en Stravinskíj vildi láta verk sín endurspegla allt litróf mannlegra tilfinninga. Þess vegna yrði tónlist stundum að vera ofsafengin, dramatísk, ómstríð – jafnvel ljót þegar svo bar undir.

Fræðð Stravinskíjs gerði það að verkum að allir vildu starfa með honum að því að skapa ný verk; málarinn Pablo Picasso hannaði sviðsmyndir og tískudrottningin Coco Chanel gerði búninga við balletta hans. Í seinni heimsstyrjöldinni fluttist Stravinskíj til Bandaríkjanna ásamt konu sinni og síðustu áratuginu átti hann heima í Beverly Hills þar sem hann samdi nútímatónlist sína umkringdur kvikmyndastjörnum. Meðal annarra frægra verka eftir Stravinskíj eru *Petrúska*, *Pulcinella* og *Sálmásinfónían*.



## MYNDASÝNING

Í gær og fyrradag komu tæplega 2000 grunnskólanemar úr 4.-7. bekk á skólatónleika Sinfóníunnar og í tengslum við þá teiknuðu þeir myndir af Eldfuglinum. Nú hefur verið sett upp myndasýning í anddyri Háskólalíós þar sem sjá má hluta afrakstursins en ...

ÍGOR STRAVINSKÍJ

Ævintýrið um Eldfuglinn

Einu sinni, í Rússlandi fyrir löngu, löngu síðan, bjó stórt skrímsli sem hét Kastsei. Hann var vondur og illgjarn, líkami hans var allur vanskapaður og húðin var græn á litinn. Sál Kastseis dvaldi ekki í líkama hans heldur var hún geymd á öruggum stað þar sem enginn gæti náð til hennar, í vandlega útbúinni öskju. Á meðan fjöregg Kastseis lá óhreyft í öskjunni var hann ódauðlegur og gat haldið áfram að vinna myrkaverk sín, eins og að ræna prinsessum og hneppa þær í ánauð, eða breyta ungum og hugrökkum prinsum í stein. Það eina sem getur sigrast á skrímslinu er ef hugrakkur prins kemst að öskjunni sem geymir fjöreggið, mólvar það og tortímir þannig sál Kastseis.

Einn dag er Ívan prins á veiðum úti í skógi. Ívan er mikið glæsímenni: ungur, fallegur og hugrakkur. Þá sér hann skyndilega risastóran fugl sem eins og logar í alls konar rauðum og gulum litum, eins og sólin sjálf hafi tekið sér búfestu í fjöðrum hans. Þetta er Eldfuglinn. Hann býr yfir töframætti, en getur ekki sjálfur náð í fjöregg Kasteis. Til þess verður hann að fá ungan prins eins og Ívan í lið með sér. Nú fer Eldfuglinn með Ívan að töfragarði Kastseis, til að reyna að sýna honum hvað hann eigi að taka til bragðs. Til að byrja með reynir Ívan að veiða Eldfuglinn en þegar hann skilur loksins hvað um er að vera gefur Eldfuglinn honum eina af rauðu fjöðrunum sínum og segir: „Þetta er töfrafjöður. Notaðu hana þegar mikið liggur við, og þá mun ég vita hvar þú ert, fljúga til þín og bjarga þér úr ógöngum.“

Þegar Eldfuglinn er floginn á braut sér Ívan hvar prinsessurnar sem skrímslið hefur í haldi ganga út í töfragarðinn og leika sér með gylltu eplinu sem vaxa þar. Þær dansa þokkafullan hringdans í rökkrinu við fallega og ljúfa tóna og Ívan hrífst algjörlega af fegurð þeirra. Þótt hann sé feiminn fyrst þá gengur hann til þeirra og þær leyfa honum að taka þátt í leiknum. Honum finnst ein þeirra alveg sérstaklega falleg, Tsarevna prinsessa, og þar sem þau dansa saman fer ekki hjá því að Ívan sé orðinn dálítið ástfanginn.

En um leið og dagur rís verða prinsessurnar að snúa aftur til hallar Kastseis og þær vara hann við því að fylgja þeim eftir. Ívan er hins vegar alveg óbanginn og rífur upp hallarhlíðið. En þá heyrir í töfraklukkuspílinu sem lætur vita um óboðnar gestakomur; og nú streyma út úr höllinni allir hinir grimmu

... það eru nemendur úr Melaskóla, Árbæjarskóla, Fellaskóla, Flataskóla, Hamraskóla, Austurbæjarskóla, Foldaskóla, Hofstaðaskóla, Vesturbæjarskóla, Breiðagerðisskóla, Húsaskóla, Langholtsskóla, Sæmundarskóla, Grandaskóla og Grunnskóla Seltjarnarness sem eiga heiðurinn af teikningunum.

liðsmenn Kastseis, og skrímslið sjálf, til að sjá hver er kominn til að raska ró þeirra. Prinsinn er umsvifalaust tekinn höndum og Kastsei er um það bil að breyta honum í stein eins og öllum hinum prinsunum sem hafa reynt að ráða hann af dögum. Þá man Ívan skyndilega eftir fjöðrinni sem Eldfuglinn gaf honum, og nú kallar hann á Eldfuglinn sér til bjargar. Það skiptir engum togum að Eldfuglinn kemur svífandi eins og risavaxinn eldhnöttur til að hjálpa Ívan úr ógöngunum, og töfrar skrímslin til að dansa ákafan dans þangað til þau hrasa af þreytu. Hljómsveitin tekur öll undir með sterkum áherslum og miklum hávaða þar sem skrímslin hlykkjast um sviðið í furðulegum hreyfingum og falla loks

í djúpan svefn. En einmitt þegar Ívan heldur að öllu sé óhætt rumskar Kastsei og býr sig undir að ráðast á hann aftur. Þá tekur Eldfuglinn enn til sinna ráða og syngur fallega vögguvísu sem býr yfir töframætti: allir óvinir hans sem heyra lagið sofna um leið og þeir heyra þessa sérkennilegu tóna.

Þegar Kastsei er sofnaður beinir Eldfuglinn prinsinum í áttina að öskjunni sem geymir sál Kastseis. Ívan prins sækir fjöreggið, lyftir því hátt á loft og grýtir því af öllum lífs og sálar kröftum í jörðina, svo það brotnar í þúsund mola. Um leið er álögnum lyft: Kastsei hreinlega gufar upp og töfragarðurinn hans með. Prinsessurnar eru aftur frjálsar ferða sinna og steinarnir í garðinum taka sína upprunalegu mynd og verða að prinsum. Ívan kvænist Tsarevnu prinsessu og héðan í frá ríkir hann yfir konungsríki sínu þar sem ekkert illt getur þrífist og allir lifa í sátt og samlyndi.



## Jólatónleikar

19. desember kl. 14.00 & 17.00

Jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar eru löngu orðinn fastur liður í jólaundirbúningnum. Að þessu sinni verður leikið fallega ævintýrið um snjókarlinn með tónlist eftir Howard Blake og Páll Óskar mun bæði segja söguna og syngja af sinni einstöku list.



Stjórnandi: Bernharður Wilkinson  
Einleikarar: Rannveig Marta Sarc og Sólveig Steinþórsdóttir  
Sögumaður og söngvari: Páll Óskar  
Hjálmtýsson  
Kór: Gradualekór Langholtskirkju undir stjórn Jóns Stefánssonar

*Leroy Anderson: Jólaforleikur*

*Howard Blake: Snjókarlinn*

*J.S. Bach: Konsert fyrir tvær fiðlur*

*Vinsæl jólalög*

### Aukatónleikar 18. desember kl. 17.00

Sala á Jólatónleikana hefur gengið mjög vel og nær uppselt er á báða tónleikana 19. desember. Við höfum þess vegna bætt við aukatónleikum föstudaginn 18. desember.

Sala er hafin í miðasölu okkar og á [www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is)



## Heimsókn í dýragarðinn

6. febrúar kl. 14.00

Öllum krökkum finnst gaman að fara í dýragarðinn og nú breytum við Háskólabíói í einn slíkan. Örn Árnason leiðir okkur í gegnum töfraheim dýranna, fyrst með völdum köflum úr hinu bráðskemmtilega Karnvali dýranna eftir Saint-Saëns. Allir krakkar eru beðnir að koma í dýrabúningum eða með uppáhalds dýrið sitt á tónleikana!




Stjórnandi: Daníel Bjarnason  
Sögumaður: Örn Árnason

*Camille Saint-Saëns: Karnival dýranna*  
*Francis Poulenc: Sagan af fílnum Babar*

## Maxímús Músíkús trítlar í tónlistarskólann

Laugardaginn 17. apríl kl. 14.00 & 17.00

Í sögunni Maxímús Músíkús trítlar í tónlistarskólann kynnist Maxí börnum sem leika á alls kyns hljóðfæri. Í hverju horni tónlistarskólans er verið að æfa og börnin eru öll afar spennt og kát því að þau eiga að fá að koma fram með stóru símfóníuhljómsveitinni.



Stjórnandi: Daníel Bjarnason  
Sögumaður: Valur Freyr Einarsson

## HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM 10. OKTÓBER 2009

---

### 1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir  
Andrzej Kleina  
Zbigniew Dubik  
Martin Frewer  
Rósa Guðmundsdóttir  
Lin Wei  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Pálína Árnadóttir  
Sigríður Hrafnkelsdóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Laufey Sigurðardóttir

### 2. fiðla

Greta Guðnadóttir  
Ari Þór Vilhjálmsson  
Roland Hartwell  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Þórdís Stross  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Joanna Bauer  
Mark Reedman  
Christian Diethard  
Kristján Matthíasson  
Dóra Björgvinsdóttir

### Vióla

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Þórarinn Már Baldursson  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Sesselja Halldórsdóttir  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Kathryn Harrison  
Eyjólfur Alfreðsson

### Selló

Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Margrét Árnadóttir  
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Lovísa Fjeldsted  
Inga Rós Ingólfssdóttir

### Bassi

Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson  
Dean Ferrell  
Jóhannes Georgsson  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson

### Flauta

Áshildur Haraldsdóttir  
Martial Nardeau

### Óbó

Daði Kolbeinsson  
Matthías Nardeau

### Klarinett

Einar Jóhannesson  
Rúnar Óskarsson

### Fagott

Rúnar Vilbergsson  
Brjánn Ingason

### Horn

Emil Friðfinnsson  
Stefán Jón Bernharðsson  
Þorkell Jólsson  
Lilja Valdimarsdóttir

### Trompet

Ásgeir Steingrímsson  
Guðmundur Hafsteinnsson

### Básúna

Sigurður Þorbergsson  
Jessica Buzbee  
David Bobroff, bassabásúna

### Túba

Finnbogi Óskarsson

### Harpa

Katie Buckley

### Píanó

Anna Guðný Guðmundsdóttir

### Pákur

Eggert Pálsson

### Slagverk

Steef van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Árni Áskelsson

samstarfsaðilar

---

# Sónata í A fyrir bragðlaukana

*Komdu á Skrúður áður en  
þú ferð á tónleikana  
og kvöldið verður ógleymanlegt.*



**Skrúður**  
bistro • restaurant • bar

Hótel Sögu / S: 525 9970 / [www.skrudur.is](http://www.skrudur.is)



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Vertu þinn eiginn listræni stjórnandi

## REGNBOGAKORTIÐ

Veldu 4-8 tónleika af  
efniskrá starfsársins.

Regnbogakort Sinfóníuhljómsveitarinnar er hagkvæm leið til að setja saman eigin tónleikaröð fyrir veturinn, tryggja fast sæti og fá jafnframt ríflegan afslátt.

Kynntu þér fjölbreytta efnisskrá á  
[www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is)



ADALSTYRKARADILAR

BORGUN

Morgunblaðið